

Samningur um sóknaráætlun Austurlands 2025-2029

Innviðaráðuneytið, kt. 580417-0780, menningar- og viðskiptaráðuneytið, kt. 460269-2969 og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, kt. 571189-1519 í þessum samningi nefnd ráðuneytin og Samband sveitarfélaga á Austurlandi, kt. 560276-0289, í samningi þessum nefnd landshlutasamtök, gera með sér eftirfarandi samning, á grundvelli sveitarstjórnalaga nr. 138/2011 og heimildar skv. 40. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.

1. KAFLI SÓKNARÁÆTLUN LANDSHLUTA

1.1 Markmið

Markmið samningsins er að stuðla að jákvæðri og sjálfbærri samfélags- og byggðapróun í takt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

Markmið sóknaráætlana landshluta er að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags-, umhverfis- og byggðamála byggji á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans. Markmiðið er jafnframt að auka samráð á sviði byggðamála innan landshlutans, á milli ráðuneyta og milli stjórnsýslustiga og að færa til sveitarstjórna aukna ábyrgð á sviði samfélags- og byggðapróunar.

Til að vinna að markmiðum samningsins munu landshlutasamtökin:

- Móta og framfylgja sóknaráætlun landshlutans sem nær yfir árin 2025-2029.
- Annast umsýslu uppbyggingarsjóðs landshlutans sem styður við markmið sóknaráætlunar.
- Skilgreina áhersluverkefni sem endurspeglar markmið sóknaráætlunar og styðja við framgang hennar.

1.2 Sóknaráætlun landshluta

Landshlutasamtök sveitarfélaga vinna sóknaráætlun á sínu starfssvæði og bera ábyrgð á framkvæmd hennar. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál styður landshlutasamtökin við gerð og framfylgd sóknaráætlana. Hlutverk stýrihópsins skv. 6. gr. laga nr. 30/2023 um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins, tryggja aðkomu allra ráðuneyta að undirbúningi byggðastefnu og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið. Að öðru leyti er vísað í viðauka I með samningi þessum um ábyrgð og hlutverk stýrihópsins. Landshlutasamtökin og stýrihópurinn vinna að því að sóknaráætlanir verði farvegur fyrir samstarf ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd byggðaaætlunar og eftir atvikum öðrum stefnum og áætlunum ríkisins.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim kemur fram stöðumat landshlutans, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Þar skal jafnframt koma fram hvernig árangur sóknaráætlunar verði metinn. Í sóknaráætlunum skal mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðastefnu, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including "DMK", "JMS", and "LE"]

Forgangsróðun verkefna byggir á sóknaráætlun landshlutans. Áætlunin er gerð til fimm ára. Heimilt er að endurskoða hana með tilliti til stöðu landshlutans og framvindu áætlunarinnar þegar landshlutinn telur þörf á.

1.3 Samráð

Sóknaráætlanir eru unnar í samvinnu við samráðsvettvang landshlutans. Landshlutasamtökin skipa samráðsvettvanginn þar sem tryggð er sem breiðust aðkoma sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum. Gæta skal lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða.

Landshlutasamtökin skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangs og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar að minnsta kosti árlega.

Í því skyni að vekja athygli á sóknaráætlun landshlutans setja landshlutasamtökin sér samskiptaáætlun, sem endurskoðuð er árlega. Þar kemur meðal annars fram hvernig kynna á sóknaráætlunina fyrir helstu markhópum, fyrirhugaðir fundir og ráðstefnur, áætlun um greinaskrif, auglýsingar og virkni á samfélagsmiðlum.

2. KAFLI UPPBYGGINGARSJÓÐUR

2.1 Hlutverk

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að sóknaráætlun landshlutans. Sjóðurinn styrkir að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði verkefna.

2.2 Umsýsla

Landshlutasamtökin annast umsýslu sjóðsins. Auglýsa skal opinberlega, minnst einu sinni á ári, eftir umsóknum um styrki.

Landshlutasamtökin setja sér verklagsreglur vegna úthlutana úr sjóðnum. Í reglunum skal meðal annars koma fram hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir frá umsækjendum, hvað telst styrkhæfur kostnaður og hvaða viðmið gilda við mat verkefna. Jafnframt skal koma fram fyrirkomulag við útborgun styrkja og uppgjör verkefna. Gera skal samning um einstakar styrkveitingar, nema um sé að ræða minni háttar styrki, og skulu styrkir samkvæmt þeim háð skilyrðum um fullnægjandi skýrslugjöf um framvindu verkefna og reikningsskil. Við styrkveitingar skal gæta að því að þær séu í samræmi við reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra eftir því sem við á, þ.m.t. um minni háttar styrki.

2.3 Úthlutunarnefnd

Landshlutasamtökin skipa úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðsins. Hlutverk úthlutunarnefndar er að velja þau verkefni sem styrkt verða, á grundvelli faglegs mats. Við úthlutun styrkja skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða. Starfsfólk landshlutasamtaka geta ekki setið í úthlutunarnefnd.

Reglur stjórnsýsluréttar gilda um úthlutun sjóðsins og þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirliggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni úthlutunarnefndarinnar. Ef viðkomandi er vanhæfur, þer honum að víkja af fundi og skráist það í fundargerð. Sá sem er vanhæfur í máli skal ekki taka

DMK

DE

þátt í meðferð málsins né taka ákvörðun um það. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

2.4 Þátttaka tengdra aðila

Stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af uppbyggingarsjóði landshlutans.

3. KAFLI ÁHERSLUVERKEFNI

3.1 Áhersluverkefni

Áhersluverkefni eru verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og falla að yfirlýstum markmiðum ríkisins á viðkomandi málefnasviðum. Verkefnin skulu hafa skýr markmið og árangursmælikvarða. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtakanna.

3.2 Staðfesting stýrihóps

Verkefnin þurfa að hljóta staðfestingu stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál. Fulltrúar einstakra ráðuneyta í stýrihópnum tryggja að verkefni sem falla að ábyrgðasviði þeirra ráðuneyta fái umfjöllun hjá sérfræðingum innan þess ráðuneytis/undirstofnunar.

4. KAFLI RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA, ÁBYRGÐ, UPPLÝSINGAR OG EFTIRLIT

4.1 Fjármögnun

Fjármögnun samnings þessa er á höndum ríkisins og sveitarfélaga.

Fjárveiting fyrir framlagi ríkisins samkvæmt samningi þessum tekur mið af fjárlögum hvers árs og fimm ára fjármálaáætlun ríkisins. Með fylgiriti fjárlaga hvers ár er áætlun um fjárframlag til samninga tilgreind. Fjárveiting fyrir framlagi sveitarfélaga er í höndum þeirra.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að vinna að því að auka ráðstöfunarfé til samningsins á samningstímanum.

4.2 Skipting fjárveitinga

Fjárlög ríkisins til sóknaráætlana landshluta koma frá innviðaráðuneyti, af fjárlagalið 10-701 1.15, menningar- og viðskiptaráðuneyti, af fjárlagalið 16-295 1.21 og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, af fjárlagalið 14-190 1.90.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2025 er heildarframlag ráðuneyta til sóknaráætlana landshluta samtals 865,7 m.kr. Framlagið skiptist þannig að 552,1 m.kr. kemur frá innviðaráðuneytinu, 223,6 m.kr. frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu og 90 m.kr. koma frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Fjárlög ráðuneytanna skiptast á milli landshluta samkvæmt viðmiðunarreglum sem stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál gerir tillögu að og leggur fyrir ráðherra.

4.3 Fjárhæðir

Fjárlög ráðuneyta

Fjárlög ráðuneytanna til samningsins árið 2025.....kr. 121.800.484.

Fjárlög vegna árána 2026-2029 taka mið af fjárlögum ár hvert.

Dmk  3 

Framlög sveitarfélaga

Sveitarfélög á Austurlandi árið 2025.....kr. 12.700.777.

Um er að ræða sameiginlegt framlag sem sveitarfélögin á Austurlandi leggja að lágmarki til þessa samnings. Framlög sveitarfélaga á árunum 2026-2029 ræðst af ákvörðun sveitarfélaganna.

Önnur framlög

Heimilt er að semja um framlög annarra aðila að samningunum.

Framlög ráðuneyta í samningnum eru settar fram með fyrirvara um annars vegar ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og hins vegar ákvarðanir stjórnvalda um aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig er heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til á sama hátt og hjá ríkisaðilum sem annast sambærilega starfsemi taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga. Fyrirvari er einnig gerður um fjárframlag sveitarfélaganna, enda leggja landshlutasamtök þeirra til breytingar á framlögum þeirra við gerð fjárhagsáætlunar.

Vaxtatekjur fjármuna samnings þessa skulu tilheyra honum og færðar í ársreikning hans.

4.4 Samlegð við stefnumótun umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis

Framlag umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis er ætlað til umhverfistengdra verkefna og skulu landshlutasamtökin leitast við að fella þau að yfirlýstum markmiðum á viðeigandi málefnasviðum í fjármálaáætlun. Árangur af ráðstöfun fjármuna til verkefna sem tengjast málaflokkum ráðuneytisins megi þannig mæla og meta.

4.5 Greiðslutilhögun

Byggðastofnun annast afgreiðslu framlaga til landshlutasamtaka.

Greiðslur hvers árs fara fram eftir greiðslubeiðnum frá landshlutasamtökunum til Byggðastofnunar og byggja á framlögðum gögnum um framvindu verkefna. Landshlutasamtökin leitast við að nýta grunnframlag hvers árs innan ársins.

4.6 Kostnaður vegna framkvæmdar samningsins

Landshlutasamtökunum er heimilt að nýta allt að kr. 12.000.000 á ári í umsýslu með samningi þessum. Gera skal grein fyrir umsýslukostnaði í árlegri greinargerð, samanber 2. mgr. 4.7 gr. samnings þessa. Kostnaður vegna umsýslu er hluti af framlagi til þessa samnings sbr. 4.3 gr.

4.7 Ábyrgð aðila

Hlutverk landshlutasamtakanna er að annast framkvæmd samnings þessa.

Landshlutasamtökin bera ábyrgð á skuldbindingum sem þau stofna til í tengslum við samning þennan.

Landshlutasamtökunum er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila, nema með samþykki stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál og að setja fjármuni sem þeim eru veittir samkvæmt samningi þessum til tryggingar fjárskuldbindingu, skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

Ráðuneytin fela stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál eftirlit og umsýslu með samningi þessum. Sjá viðauka I.

DMK

URU

4.8 Upplýsingar, samskipti og eftirlit

Ráðuneytunum eða öðrum í umboði þeirra er heimilt að kalla eftir upplýsingum sem geta varðað samning þennan eða framkvæmd hans.

Fulltrúar stýrihópsins og landshlutasamtakanna skulu funda árlega um framkvæmd samningsins á grundvelli sóknaráætlunar landshlutans.

Landshlutasamtökin skila árlega greinargerð um framkvæmd samningsins og mat á árangri til stýrihópsins sem byggja á sniðmáti sem samningsaðilar koma sér saman um. Greinargerðinni skal skilað eigi síðar en 31. maí ár hvert. Þar koma meðal annars fram upplýsingar um framvindu sóknaráætlunar og ráðstöfun fjármuna árið á undan, sem og kyngreindar upplýsingar um umsækjendur og styrkþega, upplýsingar um mótframlög og sundurliðun umsýslukostnaðar.

Landshlutasamtökin bera jafnframt ábyrgð á að standa skil á öðrum upplýsingum sem ráðuneytin, eða aðrir í umboði þeirra, kunna að kalla eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar, sem og eftirlits og umsýslu með framkvæmd þessa samnings.

Tekjum og gjöldum sem tengjast samningi þessum skal haldið aðskildu í bókhaldi og endurskoðuðum ársreikningi landshlutasamtakanna.

Samning þennan, ársreikning landshlutasamtakanna, greinargerð um framkvæmd og mat á árangri samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef landshlutasamtakanna jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Stýrihópnum er heimilt að birta gögnin á vefsíðum Stjórnarráðsins eða undirstofnana.

Landshlutasamtökin skulu setja á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir verkefnisins, svo sem upplýsingar um framvindu verkefna, skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.fl. sem tengist verkefnum sem falla undir samning þennan skal koma fram með tryggilegum hætti að þau séu hluti af sóknaráætlun landshlutans og á ábyrgð landshlutasamtakanna. Nota skal merki sóknaráætlunar landshlutans þar sem því verður við komið.

5. KAFLI

VANEFNDIR, MEÐFERÐ ÁGREININGS OG ENDURSKOÐUN

5.1 Vanefndir, meðferð ágreinings og endurskoðun

Uppfylli landshlutasamtökin ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum er ráðuneytunum heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og/eða endurkrefja um greiðslur sem þegar hafa runnið til landshlutasamtakanna enda hafi ekki tekist að jafna ágreining á milli samningsaðila.

Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa á samningstímabilinu ef sérstakt tilefni gefst.

 
Dank JPJ 5 CE

6. KAFLI GILDISTÍMI OG LOK SAMNINGS


6.1 Gildistími og lok samnings

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2029.


Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu innviðaráðuneytis, annað í vörslu menningar- og viðskiptaráðuneytis, þriðja í vörslu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis og fjórða í vörslu landshlutasamtakanna.

Reykjavík, 28. janúar 2025




Eyjólfur Ármannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



Logi Einarsson
menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra




Jóhann Páll Jóhannsson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra



Dagmar Ýr Stefánsdóttir
f.h. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi



staðfesting fjármála- og efnahagsráðuneytis



staðfesting Byggðastofnunar

Viðaukar:

Viðauki I Ábyrgð og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál varðandi framkvæmd og eftirfylgni samninga um sóknaráætlanir landshluta 2025-2029.

Viðauki I

við samning um sóknaráætlun landshluta 2025-2029

Ábyrgð og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál varðandi framkvæmd og eftirfylgni samninga um sóknaráætlanir landshluta 2025-2029

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál starfar skv. 6. gr. laga nr. 30/2023 um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála. Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins, tryggja aðkomu allra ráðuneyta að undirbúningi byggðastefnu og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið. Stýrihópurinn er skipaður fulltrúum allra ráðuneyta og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi innviðaráðherra fer með formennsku.

Stýrihópurinn vinnur út frá þeirri skilgreiningu að byggðamál eru öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta. Samkvæmt þessari skilgreiningu, sem og lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta, eru byggðamál viðfangsefni allra ráðuneyta með einhverjum hætti og ná til alls landsins.

Ráðuneytin fela stýrihópnum umsjón og eftirlit með samningum um sóknaráætlanir landshluta.

Umsjónar- og eftirlitshlutverk stýrihópsins felst í eftirtöldu:

- a) Styðja landshlutasamtök sveitarfélaga við gerð og framkvæmd sóknaráætlana.
- b) Vinna drög að viðmiðunarreglum vegna útdeilingar fjármuna milli landshluta.
- c) Staðfesta sóknaráætlanir landshluta og áhersluverkefni.
- d) Funda árlega með landshlutasamtökum um framkvæmd samningsins.
- e) Yfirfara árlegar greinargerðir frá landshlutasamtökum um framvindu áhersluverkefna, úthlutanir uppbyggingarsjóða, skiptingu fjármuna milli málaflokka og fleira.
- f) Skila árlega greinargerð til ráðuneytanna um framvindu sóknaráætlanasamninga og ráðstöfun fjármuna.
- g) Meta, með hliðsjón af upplýsingum frá landshlutasamtökum, hvort staðið hafi verið við skilyrði samningsins um framkvæmd sóknaráætlunar svo lokagreiðsla geti farið fram.
- h) Hafa almennt samráð og samskipti um framkvæmd sóknaráætlunarsamninga og fylgja eftir ákvæðum samninganna um skil og upplýsingagjöf.
- i) Vinna með landshlutasamtökunum að því að sóknaráætlanir verði farvegur fyrir samstarf ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd byggðaáætlunar.
- j) Vinna að því að fella fleiri viðfangsefni og samninga að sóknaráætlunum landshluta.

